



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

**Efni:** Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um könnun á langtímaveikindum starfsfólks velferðarsviðs

Þann 24. maí 2023 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að velferðarsvið kanni sérstaklega tildrög og ástæður aukningar á langtímaveikindum meðal starfsfólks velferðarsviðs.

Tillögunni fylgir greinargerð.

### Umsögn

Fylgst er reglulega með þróun veikinda á starfsstöðum velferðarsviðs og hafa allir stjórnendur aðgang að gögnum um skammtíma- og langtímaveikindi starfsmanna sinna. Það er stefna Reykjavíkurborgar að halda tengslum við starfsfólk í langtímaveikindum og styðja við einstaklinginn með það í huga að stuðla að endurheimt heilsu og jákvæðri endurkomu til starfa. Þetta er m.a. gert með því að upplýsa starfsfólk um þau úrræði sem því stendur til boða, eftir því sem aðstæður eiga við hverju sinni.

Það er á ábyrgð stjórnanda að viðhalda samskiptum í langtímaveikindum en í samræmi við rétt starfsfólks til friðhelgi einkalífs og persónuverndar skal stjórnandi forðast að spyrja um eðli veikinda í samskiptum við starfsmann og fara með allar heilsufarsupplýsingar sem trúnaðarmál. Þar af leiðandi er erfitt að greina eðli veikinda en stjórnanda ber að fara yfir vinnu- og starfsumhverfi starfsfólks í endurkomusamtölum sem fara fram áður en starfsfólk kemur aftur til starfa eftir langtímaveikindi. Þá er farið yfir hvort og þá með hvaða hætti, hægt sé að aðlaga tímabundið starf eða vinnuumhverfi starfsmanns til að auðvelda honum endurkomu til starfa og einnig farið yfir hugsanlegan stuðning vinnustaðarins í því ferli, ef við á. Trúnaðarlæknir heldur utan um fjölda erinda eftir sviðum og mánuðum ásamt skiptingu erinda eftir ástæðu komu og fær velferðarsvið reglulega upplýsingar um ástæðu komu starfsfólks í langtímaveikindum. Þess ber þó að geta að þetta á einungis við um starfsfólk sem fer til trúnaðarlæknis sem á ekki við um alla í langtímaveikindum.

Unnið er að uppfærslu á viðverustefnu Reykjavíkurborgar þar sem eldri viðverustefnan er frá árinu 2014 og hafa ýmsar breytingar átt sér stað síðan þá, þar á meðal betri vinnutími. Markmiðið með stefnunni er að styðja við og hlúa að starfsfólki vegna fjarveru frá vinnu vegna veikinda, slysa eða áfalla um lengri eða skemmri tíma, og stuðla þannig að velferð og vellíðan starfsfólks. Markmiðið er sömuleiðis að draga úr veikindafjarvistum með markvissum, samræmdum og sanngjörnum aðgerðum og gera starfsstöðum betur kleift að skipuleggja viðbrögð við langvarandi eða endurtekinni fjarveru.

Framtíðarsýn viðverustefnunnar er að Reykjavíkurborg sé vinnustaður sem er umhugað um heilsu og velferð starfsfólks og sýni það í verki með samræmdu og styðjandi verklagi í viðbrögðum við fjarvistum. Stefna þessi nær til fjarvista vegna veikinda og slysa, áfalla og



brýnna fjölskylduaðstæðna, fjarvista af persónulegum ástæðum og annarra fjarvista, bæði sem eru heimilar og óheimilar. Samkvæmt viðverustefnunni skal stjórnandi bregðast við tímum skammtímaveikindum með viðverusamtali. Tilgangurinn með viðverusamtali er að auka meðvitund starfsmanns um umfang fjarvistanna og draga úr fjarvistum ef þess er kostur, með því að sýna stuðning og vilja til að skoða vinnustaðinn m.t.t. þessa. Efni þessara samtala er meðal annars að fara yfir þær aðstæður á vinnustað sem geta haft áhrif á fjarvistirnar og leita leiða til að viðhalda starfsgetu viðkomandi starfsmanns.

Unnið er að því að fá nýja viðverustefnu samþykkt, hefja innleiðingu, fræðslu og þjálfun m.a í viðverustjórnun og notkun Bradford kvarða, sem er mikilvægt tól fyrir stjórnendur í viðverustjórnun. Bradford kvarðinn hjálpar stjórnendum að fylgjast með og bregðast við tímum skammtímaveikindum starfsfólks, ásamt því að setja sameiginleg viðmið innan borgarinnar um hvenær skuli brugðist við og hvernig stuðningur á sér stað í kjölfarið. Fræðsla um Bradford kvarðann er rafræn og hefur verið úthlutað til allra stjórnenda á velferðarsviði í gegnum rafræna fræðslukerfið Torgið.

Á haustmánuðum 2023 mun mannauðsþjónusta innleiða og kynna breytta viðverustefnu og styðja stjórnendur í því að vinna eftir viðverustefnunni með það markmið að draga úr veikindafjarvistum. Jafnframt er í vinnslu ný heilsustefna Reykjavíkurborgar þar sem áhersla er lögð á andlega og félagslega heilsu, hreyfingu, næringu, svefn, líkamlega heilsu og stoðkerfi.